


Orkustofnun
Linda Georgsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. maí 2014
Tilvísun: UST20140500005/bs

Umsókn um rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Tungufljóti, Biskupstungum, Bláskógabyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.


Fyrirhugað er að ráðast í eftirfarandi rannsóknir á og við fyrirhugað virkjunarsvæði: 1. Landmælingar og kortagerð. 2. Jarðfræðiathugun og jarðefnaleit. 3. Rennslis- og aurburðarmælingar. 4. Forathugun á helstu umhverfispáttum.


Miðað er við að framkvæma rannsóknir með léttum tækjum eins og sexhjóli og beltagröfum. Ekki verða lagðir slóðar vegna rannsókna. Áætlað er að boranir fari að mestu fram með cobrabor en mögulega verður borað í stíflu- og stöðvarhússtæði með kjarna- eða loftbor. Gengið verður jafnóðum frá könnunargryfjum.

Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að rannsóknum eins og þeim er lýst í leyfisumsókn ættu fyrirhugaðar rannsóknir ekki að skilja eftir sig mikil ummerki, þar sem unnt á að vera að aka tækjum á rannsóknasvæði án slóðagerðar. Þar sem tækjum verður ekið utan vega ætti að velja verk tíma til kjarnaborunar þegar land er þurr og fara með gát til að takmarka rask eins og kostur er.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaðar rannsóknir.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur